

Akraneskaupstaður  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Reykjavík 31. mars 2020  
UST202002-380/A.B.  
10.04.00

### **Efni: Tillaga- Breyting á aðalskipulagi Akraness 2005 - 2017 og nýtt deiliskipulag vegna tjaldsvæðis við Kalmansvík**

Vísað er til erindis Akraneskaupstaðar sem barst 25. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005 - 2017 og nýju deiliskipulagi vegna tjaldsvæðis við Kalmansvík.

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingar kemur fram að breytingin gengur út á að óbyggt svæði í Kalmansvík verði skilgreint sem tjaldsvæði (afþreyingar- og ferðamannasvæði) og útivistarsvæði (opin svæði til sérstakrar nota). Auk þess er hverfisverndarsvæði minnkað.

Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að tillagan gengur út á að skilgreint verður um 8-9 ha tjaldsvæði þar sem gert er ráð fyrir svæðum fyrir 85 tjöld, 45 ferðavagna, 70 tjöld eða 30 ferðavagna, 300 m<sup>2</sup> þjónustumiðstöð og 18 allt að 50 m<sup>2</sup> gistihýsi.

#### **Umhverfisáhrif deiliskipulags**

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.4.1 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir að við gerð deiliskipulags skuli meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Umhverfisstofnun vill benda á að skipulagssvæðið nær til svæðis sem er á tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) að framkvæmdaáætlun (B-hluta) sem kallast Blautós.

Samkvæmt upplýsingum frá NÍ er forsenda fyrir vali á svæðinu sú að þar er svæðið tiltölulega ósnortið, lífríkt og afar sérstætt vegna fjörumós, auk klóþangsklungurs og sandmaðksleiru. Svæðið er auk þess alþjóðlega mikilvægt sem viðkomustaður margæsa.

NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem alþingi hefur ákveðið að setja í

forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin og aðra hagsmunaaðila, en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila. Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár hefur verið samþykkt getur það haft áhrif á verndarstöðu svæðisins.

Umhverfisstofnun telur, vegna þýðingar svæðisins m.t.t fuglalífs, að áætlaðar framkvæmdir ættu að eiga sér stað utan viðkvæmasta tíma árs sem er varptíminn og að umferð á vegum tjaldsvæðisins sé lágmörkuð eins og hægt er á þeim tímum árs þegar fuglarnir nýta Blautós sem viðkomustað.

Umhverfisstofnun leggur til að við gerð deiliskipulagsins verða fengnir sérfræðingar á fagstofnunum, af Náttúrustofu Vesturlands eða Náttúrufræðistofnun Íslands, til að móta leiðbeiningar og aðgangsstýringar gesta á svæðinu á viðkvæmum tímum með það að markmiði að lágmarka truflun fugla sem nýta Blautós.

#### **Fráveita**


Í greinargerð aðalskipulagsbreytingar kemur fram að fráveita frá svæðinu fer í fráveitukerfi bæjarins um hreinsi- og dælustöð við Ægisbraut. Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að þjónustumiðstöð, gistihýsi og gistiskáli skulu tengjast sameiginlegri fráveitu og rotþró. Umhverfisstofnun telur óljóst hvort gert verði ráð fyrir að svæðið tengist fráveitukerfi bæjarins eða settar verði upp rotþrær.

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur